

Hverfisráð Grafarvogs

Ár 2017, þriðjudaginn 17. október var haldinn 143. fundur hverfisráðs Grafarvogs. Fundurinn var haldinn í Miðgarði, þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness og hófst fundurinn kl. 17:02. Viðstödd er Sigurður Hólm Gunnarsson formaður, Elísabet Gísladóttir, Gísli Rafn Guðmundsson og Guðbjartur Guðbjartsson. Einnig sátu fundinn Sara Ósk Rodríguez Svönudóttir verkefnastjóri félagsauðs og frístunda í Miðgarði. Ingibjörg Sigurþórsdóttir framkvæmdarstjóri Miðgarðs og Margrét Richter deildarstjóri fjármála og rekstrar í Miðgarði, sem einnig ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Fram fer umræða um afgreiðslutíma sundlauga í Reykjavík.

Hverfisráð Grafarvogs leggur fram eftirfarandi bókun:

Hverfisráð Grafarvogs mælist til að íþrótta- og tómstundaráð Reykjavíkur og Borgarstjórn tryggi sama afgreiðslutíma í sundlaug Grafarvogs og er í öðrum sundlaugum borgarinnar þ.e. afgreiðslutími verði mánudaga til föstudaga kl 6:30-22:00 og um helgar 9:00-22:00. Fyrir liggur að Vesturbæjarlaug, Breiðholtið, Sundhöllin í miðborginni og Laugardalslaug verða með opið til 22.00 alla daga vikunnar, virka daga sem og helgar og er ótækt að hverfissundlaugar í barnstærstu hverfum borgarinnar séu með styttri afgreiðslutíma heldur en aðrar sundlaugar í borginni. Sund er holl og góð íþrótt sem og afþreying fyrir alla, sama á hvað aldri við erum. Áfram sendist til Borgarráðs og Íþrótta- og tómstundaráðs.

- Kl 17:11 tekur Herdís Anna Þorvaldsdóttir sæti á fundinum.
2. Lagt fram til umsagnar minnisblað Strætó varðandi styttingu leiðar 6 og ný leið 6a.

Hverfisráð Grafarvogs leggur fram eftirfarandi bókun:

Hverfisráð Grafarvogs hefur tekið til afgreiðslu minnisblað frá Strætó frá 6. september 2017 varðandi breytingu á akstri leiðar 6. Hverfisráð mælist eindregið til að tillaga 3, Styttu að Staðahverfi, verðin fyrir valinu ásamt nýrri leið 6a. Mikilvægt er að sama þjónustustig verði í öllu hverfinu. Korpuskóli og Víkurskóli hafa verið sameinaðir og börn fara á milli í strætó. 30 mín tíðni ferða þar á milli er ekki ásættanleg. Ef strætó hættir að keyra um Gullengi fellur út ein stærsta stoppistöðin á leiðinni. Stoppistöð sem þjónar öllu Víkurhverfinu, stærstum hluta Engjahverfis og Borgarholtsskóla

Fundi slitið kl. 17:45

Sigurður Hólm Gunnarsson

Herdís Anna Þorvaldsdóttir
Elísabet Gísladóttir

Guðbrandur Guðmundsson
Gísli Rafn Guðmundsson